

Fjárlaganefnd Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.


Alþingi
23. sep. 2015
Málsnr.: 1509042
Málalykill: 0346

Framlag á fjárlögum

Reykjanesbær hefur í gegnum dótturfyrirtæki sitt Reykjaneshöfn unnið að uppbyggingu iðnaðarsvæðis og hafnaraðstöðu í Helguvík á Reykjanesi. Uppbygging svæðisins hefur tekið langan tíma en þessa dagana eru ákveðin tímamót, þar sem verið er að reisa kísilver United Silicon á svæðinu og uppbygging kísilsvæðis Thorsil hefst væntanlega á næsta ári. Undirbúningur þessarar uppbyggingar hefur tekið á fjárhagslega hjá sveitarfélaginu og Reykjaneshöfn. Fyrirsjáanlegur er töluverður kostnaður við áframhaldandi uppbyggingu á næstu árum og er því farið fram á að í fjárlagafrumvarpi ársins 2016 verði uppbyggingunni í Helguvík veitt fjárframlag upp á 1.070 milljónir króna, þ.e. 285 milljónir króna vegna fyrirhugaðra hafnarframkvæmda árið 2016 og 785 milljónir króna vegna fyrri framkvæmda í Helguvík. Jafnframt er farið fram á að horft verði til þess að næstu fjögur ár þar á eftir komi fjárframlög sem nemi 1.530 milljónum króna á verðlagi dagsins í dag. Lagt er til að hluti þessara fjárframlaga byggi á forsendum hafnarlaga nr. 61/2003 og vegalaga nr. 80/2007 og hluti verði vegna sérlaga um sértækan stuðning. Rétt er að benda á að þjóðhagslegur ávinningur framkvæmda í Helguvík er margfaldur umfram þau fjárframlög sem óskað er eftir.

Meðfylgjandi bréfi þessu eru nánari upplýsingar um uppbygginguna í Helguvík og útlistanir á þeim kostnaði sem henni fylgir.

Reykjanesbæ 23. september 2015,
virðingarfyllst,


Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri.

Meðfylgjandi:

*Greinargerð
Uppbyggingarkostnaður í Helguvíkurhöfn
Yfirlit framkvæmda í Helguvík
Yfirlit yfir uppbyggingu á iðnaðarsvæðinu í Helguvík*

Yfirlit framkvæmda í Helguvík

– staða framkvæmda og framkvæmdapörf á næstu árum ásamt kostnaðartölum.

Hafnargerð

Helguvíkurhöfn mun skiptast í þrjú þjónustuvæði í framtíðinni, þ.e. Norðurbakka (N), Suðurbakka (S) og Olíubryggju (O). Olíubryggjan er fullbúin (1989), uppbygging er hafin á Norðurbakka með 150m viðlegukanti (1996) og við Suðurbakka með dýpkun (2010). Grjótvarnargarður (1989 og 2010) er til staðar.



Norðurbakki

Viðlegukantur á Norðurbakka er 150 m langur og þjónar í dag þeim aðilum sem eru með starfsemi á iðnaðarsvæðinu í Helguvík, m.a. Aalaborg Portland, Síldarvinnslan og Helguvíkurmjöl. Tvö kísilver sem eru í uppbyggingu á svæðinu munu einnig nýta sér Norðurbakkann en til þess að það gangi eftir þarf að stækka hafnarkantinn um 100 m í vestur (B) og 60 m í austur (C). Heildarstærð viðlegukants á Norðurbakka er því áætlaður 310 m í framtíðinni. Annað kísilverið mun hefja starfsemi sína um mitt ár 2016 og hitt líklega í kringum áramótin 2017/2018. Bæði hafnarkantar B og C þurfa að vera tilbúnir seinnihluta árs 2016 eða í byrjun árs 2017. Áætlaður heildarkostnaður við þessa framkvæmd er um 500 milljónir kr. án virðisaukaskatts. Samkvæmt hafnarlögum nr. 61/2003 eru slíkar framkvæmdir styrkhæfar um 60%.

Suðurbakki

Dýpkun hefur farið fram við fyrirhugaðan Suðurbakka sem er áætlaður 360 m langur í framtíðinni. Suðurbakkinn er greindur í tvo verkþætti þ.e. viðlegukantur A1 sem verður 225 m að lengd og er í dag hugsaður til að þjónusta starfsemi komandi álvers og viðlegukantur A2 sem verður 135 m að lengd og er hugsaður til að þjónusta gámasvæði sem staðsett verður upp af honum. Þetta gámasvæði mun þjóna


Vegagerð

Uppbygging hafnaraðstöðunnar í Helguvík kallar á þrjá stofnvegi samkvæmt vegalögum nr. 80/2007. Frá Þjóðveg 45, Garðskagavegi, þarf tvo stofnvegi. Annars vegar er um að ræða Hólmborgsbraut er liggur niður á Suðurbakka og hins vegar Stakksbraut er liggur niður á Norðurbakka. Þriðji stofnvegurinn liggur frá fyrirhuguðu athafnasvæði álverksmiðju Norðuráls eftir Berghólabraut og niður á tengiveg milli Norður- og Suðurbakka.

Berghólabraut (S1). Vegurinn er 950 m langur með 7,5 m tvíbreiðri malbikaðri akbraut og nær frá Stakksbraut 1 (Norðurál) niður á tengiveg milli Norður- og Suðurbakka. Hann verður aðalflutningsleið fyrir gáma til og frá hafnarsvæðinu. Viðmiðunarár framkvæmda er 2017-2018 og er heildarkostnaður áætlaður 230 milljónir kr. án virðisaukaskatts og hefur sveitarfélagið lagt út fyrir um 70% af þeim kostnaði. Samkvæmt vegalögum nr. 80/2007 eru stofnvegir styrkhæfir um 100%.

Hólmborgsbraut (S2). Vegurinn er 1.230 m langur með 7,5 m tvíbreiðri malbikaðri akbraut og nær frá Garðskagavegi (45) og niður á Suðurbakka. Viðmiðunarár framkvæmda er 2018-2019 og er heildarkostnaður áætlaður 200 milljónir kr. án virðisaukaskatts. Samkvæmt vegalögum nr. 80/2007 eru stofnvegir styrkhæfir um 100%.

Stakksbraut (S3). Vegurinn er 1.800 m langur með 7,5 m tvíbreiðri malbikaðri akbraut og nær frá Garðskagavegi (45) og niður á Norðurbakka. Framkvæmdum lauk árið 1996 og nemur heildarkostnaður um 180 milljónir kr. án virðisaukaskatts á núvirði. Sveitarfélagið hefur lagt út fyrir þeim kostnaði. Samkvæmt vegalögum nr. 80/2007 eru stofnvegir styrkhæfir um 100%.



Greinargerð

Helguvík er stórskipahöfn sem gegnir mikilvægu hlutverki í áformum um atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum. Höfnin í Helguvík var upphaflega byggð vegna athafna Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, en NATO byggði á árunum 1987 til 1989 grjótvarnargarð og olíubryggju við tanksvæði sitt í Helguvík.

Árið 1989 tók sveitarfélagið¹ við forræði hafnarinnar og á þess vegum var byggður 150m hafnarkantur á árunum 1994-1996 með 60% aðkomu ríkisins. Með tilkomu þessarar hafnaraðstöðu var lagður grunnur að því skipulagi sem unnið er eftir í dag og miðast við að byggja upp öflugt athafnasvæði í Helguvík með góðri hafnaraðstöðu.

Uppbyggingin hefur tekið lengri tíma en áætlanir gerðu ráð fyrir, en það má m.a. rekja til efnahagshrunsins 2008. Á árunum 2006-2008 voru gerðir samningar um hin ýmsu verkefni í Helguvík, m.a. um uppbyggingu álvers Norðuráls hf., sem öll lentu í biðstöðu við efnahagshrunið. Í tengslum við þessi verkefni var sveitarfélagið búið að sammingsbinda sig um ákveðna uppbyggingu á hafnaraðstöðu og lóðaruppbyggingu sem ekki var ráðlagt að hætta við.

Sú ákvörðun að halda áfram við erfiðar aðstæður á þeim tíma gerir það að verkum að núverandi uppbygging á iðnaðarsvæðinu í Helguvík er möguleg. Verið er að reisa kísilver á vegum United Silicon með 100.000 tonna framleiðslugetu sem hefur starfsemi um mitt ár 2016 og hefjast á handa við að reisa sambærilegt kísilver á vegur Thorsil sem hefja á starfsemi árið 2018. Einnig hafa fleiri aðilar leitað til sveitarfélagsins með hugmyndir að verkefnum, en forsenda fyrir komu þeirra er að iðnaðarsvæðið og hafnaraðstaðan í Helguvík byggist upp í samræmi við fyrirhugaðar áætlanir.

Þrátt fyrir erfiða fjárhagsaðstöðu undanfarin ár hefur sveitarfélagið gert eins og það getur til að byggja upp innviðina í Helguvík. Aðstöðusköpun í lóða- og gatnagerð á iðnaðarsvæðinu skilar sér til baka í lóða- og gatnagerðargjöldum en uppbygging hafnaraðstöðunnar er mun veigameiri og mun seint skila sér í gegnum skipa- og vörugjöld eingöngu. Því verður að líta til þess samfélagsávinninga sem í þeirri aðstöðu felst.

Sveitarfélagið eitt og sér á erfitt með að standa undir þeirri fjárfestingu og er því eðlilegt að ríkið komi að þeirri uppbyggingu, sérstaklega með hliðsjón af þeim samfélagsáhrifum sem uppbygging í Helguvík skapar, bæði í nærumhverfi og fyrir landið í heild. Slík aðkoma getur verið í gengum núverandi lög eins og Hafnarlög nr. 61/2003 og Vegalög nr. 80/2007, eða með sértækum aðgerðum. Á ríkisstjórnarfundi í desember sl. kom fram vilji núverandi ríkisstjórnar til að styðja við uppbygginguna í Helguvík og hefur ráðherra atvinnumála talað fyrir slíkum stuðningi. Einnig hefur vilji til slíks stuðnings komið fram í máli og tillögum fleiri ráðherra sem og núverandi þingmanna.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2016 eru í kafla 2.1 um þjóðhagsforsendur tilgreind þau jákvæðu áhrif sem fjárfestingar í uppbyggingu kísilvera, m.a. í Helguvík, hafa á þjóðarbúskapinn á komandi árum. Ekki er að finna í frumvarpinu stuðning við uppbyggingu í Helguvík þó slíkar óskir hafi komið fram hjá sveitarfélaginu við tillögugerð til síðustu samgönguáætlunar en þar er þó að finna stuðning til sambærilegra verkefna í öðrum landshlutum. Það getur reynst erfitt fyrir sveitarfélagið að standa við samninga sína varðandi uppbyggingu hafnaraðstöðu í tengslum við núverandi uppbyggingu á atvinnusvæðinu ef ekki kemur til slíks stuðnings.

¹ Þá Keflavíkurkaupstaður

Uppbyggingarkostnaður í Helguvíkurhöfn

Framkvæmdakostnaður á hafnarsvæðinu í Helguvík - fram til 2016

sep.15

Ár	Framkvæmd	Framkvæmdakostnaður m vsk	Framkvæmdakostnaður án vsk	Ríkisframlag án vsk	Framlag hafnar án vsk
1996	Helguvíkurkantur - 150m	315.200.000	253.172.691	Frágengið	Frágengið
1996	Stakksbraut frá Garðskagaveg (45) að Norðurbakka	221.866.667	178.924.731	178.924.731	0
2010	Dýpkun vesturhluta Helguvíkur	983.695.996	790.117.266	474.070.360	316.046.906
2010	Grjótvannargarðu í Helguvík - 150m	274.793.564	220.717.722	132.430.633	88.287.089
Framkvæmdir fyrri ára		1.795.556.227	1.442.932.410	785.425.724	404.333.995

Framkvæmdakostnaður á hafnarsvæðinu í Helguvík - eftir 2016

sep.15

Ár	Framkvæmd	Framkvæmdakostnaður m vsk	Framkvæmdakostnaður án vsk	Ríkisframlag án vsk	Framlag hafnar án vsk
2016	Hafnarbakki B - Usi - 100m	363.948.800	293.507.097	176.104.258	117.402.839
2016	Hafnarbakki C - Thorsil - 60m	223.909.333	180.572.043	108.343.226	72.228.817
2017	Hafnarbakki A2 - gámanntur - 135m	465.376.497	375.303.627	225.182.176	150.121.451
2017	Tengivegur milli hafnarbakka A2 og B/C	13.973.333	11.268.817	6.761.290	4.507.527
2017	Berghólabraut - frá Stakksbraut að tengivegi á hafnarsvæði	281.600.000	227.096.774	227.096.774	0
2018	Hafnarsvæði og sprengingar	330.666.667	266.666.667	160.000.000	106.666.667
2018	Hólmebergbraut frá Garðskagavegi (45) að Suðurbakka	251.733.333	203.010.753	203.010.753	0
2019	Hafnarbakki A1 - súralskantur og vatnsútlutningur - 225m	978.646.400	789.230.968	473.538.581	315.692.387
2020	Dráttabátur	489.386.667	394.666.667	236.800.000	157.866.667
Framkvæmdir fyrri ára		3.399.241.030	2.741.323.412	1.816.837.058	924.486.354

Greiðsluflæði til 2021

Ár	Fjárlög	Upphæð
2016	Á fjárlögum 2016	1.069.873.208 kr.
2017	Á fjárlögum 2017	459.040.240 kr.
2018	Á fjárlögum 2018	363.010.753 kr.
2019	Á fjárlögum 2019	473.538.581 kr.
2020	Á fjárlögum 2020	236.800.000 kr.
Á árunum 2016-2020		2.602.262.782 kr.

Tillaga að fjárframlögum í fjárlögum

Sundurliðun	Á fjárlögum Alþingis	Eigið framlag
Á forsendum hafnarlaga nr. 61/2003	1.833.230.524 kr.	1.222.153.682 kr.
Á forsendum vegalaga nr. 80//2007	609.032.258 kr.	0 kr.
Sértækur stuðningur	160.000.000 kr.	106.666.667 kr.
Heildarfjármögnun	2.602.262.782 kr.	1.328.820.349 kr.

Fjölbrautaskóla Suðurnesja 13.05.2015

Erindi: Bygging á félagsrými við FS

Í tilefni af því að skólinn verður 40 ára haustið 2016 hefur verið endurvakin sú hugmynd að byggja við félagsrými skólans. Salur skólans, sem jafnframt er matsalur nemenda, rúmar um 350 manns í sæti. Salurinn er í dag eina svæðið sem nemendur hafa til að setjast niður á í frímínútum og / eða í eyðum í stundatöflu sinni. Búið var að teikna og útfæra (árið 2008) hvernig hægt væri að stækka matsalinn til að hann rúmaði fleiri til að mæta þeim fjölda sem þá var hér eða um 1200 nemendur. Með fækkun nemenda í árgangi og styttingu stúdentsnáms (55% nemenda okkar eru í bóklegu námi) í þrjú ár má gera ráð fyrir að nemendafjöldi okkar næstu árin verði um 900 nemendur ef ekki verður fjölgun íbúa á svæðinu á ný. Nemendur skólans eru nú um 1000 en voru flestir um 1250 þegar átakið „Nám er vinnandi vegur“ stóð yfir.

Með tilliti til ofangreinds, og einnig þess að félagslegur vandi nemenda samkvæmt könnunum hefur aukist, er það ósk okkar að nú verði gert átak til að bæta félagsrými nemenda hér við skólann og útbúa svæði þar sem þeir geta sest niður í frímínútum og spjallað saman. Teikningin sem fylgir með erindinu sýnir viðbótarrýmið sem stækkun á matsalnum en við gerum ráð fyrir að uppröðun í þessu nýja rými verði önnur en er þar nú, þ.e. með léttum og þægilegum húsgögnum og sófum.

Skólanefnd hefur komið þessari beiðni á framfæri við Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum þar sem hugmyndinni var vel tekið og hún send út til sveitarstjórnanna á svæðinu.

Það er von okkar að ríkið sjái sér fært að taka þátt í þessu verðuga verkefni með okkur.

Virðingarfyllst,

Kristján Ásmundsson

Skólameistari

Meðfylgjandi eru teikningar af fyrirhugaðri byggingu, sem er í raun tengibygging milli tveggja innganga í skólann (merkt a á teikningu) og gefur um leið betri tengingu milli verknámsaðstöðu, sem er í elsta hluta hússins, og matsalarins. Einnig fylgir með uppreiknuð kostnaðaráætlun sem gerð var á sínum tíma og afrit af bréfi því sem sent var til Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.



Áætlun um stækkun mötuneytis

Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Kristján Ásmundsson skólameistari

Reykjanesbær 29.01.2015


Stækkun mötuneytis og tengibygging – Kostnaðaráætlun

Á meðfylgjandi teikningu er hugmynd að viðbyggingu við Fjölbrautarskóla Suðurnesja, um er að ræða tengibygging á milli 1. áfanga og 3. áfanga skólans. Tengibyggingu þessari er ætlað að þjóna sem stækkun á mötuneyti nemenda fyrir 160 nemendur og er stækkunin 302 m². Tengibygging þessi er hugsuð sem stálgrindarbygging með léttbyggðu þaki og hliðar úr gleri. Á milli 2. áfanga og tengibyggingar er gert ráð fyrir lokuðum innigarði til að tryggja ljósinnfall í kennslustofur á 1. hæð og loftræsingum um glugga.

Heildarkostnaður er áætlaður um kr. 96 milljónir m. vsk.

Staðsetning viðbyggingarinnar er þannig að auðvelt verður að haga framkvæmdum á þann veg að lítið ónæði og truflun verði á starfsemi skólans á framkvæmdatímanum.

Virðingarfyllst,


Brynjólfur Guðmundsson



Kostnaðarhlutfall við stækkun Fjölbautaskóla Suðurnesja.

Heildarkostnaður	96.000.000 kr.	
Hlutdeild ríkis	57.600.000 kr.	60%
Hlutdeild sveitarfélaga	38.400.000 kr.	40%

Skipting kostnaðar á sveitarfélög	Fjöldi íbúa 01.10.2014	Fjöldi íbúa í prósentum	Kostnaðarhlutdeild
Reykjanesbær	14.830	67,78%	26.027.057 kr.
Grindavík	2.930	13,39%	5.142.230 kr.
Sandgerði	1.590	7,27%	2.790.494 kr.
Sveitarfélagið Garður	1.420	6,49%	2.492.139 kr.
Sveitarfélagið Vogar	1.110	5,07%	1.948.080 kr.
Samtals	21.880	100,00%	38.400.000 kr.

Forsendur útreikinga miðast við aðkomu ríkisvaldins, áætlaðan kostnað við stækkun (framlagðan af FS) og íbúatölu 01.10.2014

Punktur vegna Helguvíkur og samanburðar við aðrar sambærilegar framkvæmdir.

Í sjö ár, frá árinu 2008 hafa staðið yfir rannsóknir og undirbúningur uppbyggingar fyrir kísilvera í Helguvík. Í apríl 2014 undirritaði iðnaðaráðherra fjárfestingarsamning við United Silicon. Í ágúst 2014 var skóflustunga tekin og byggingaframkvæmdir standa nú yfir. Í maí 2014 undirritaði iðnaðaráðherra fjárfestingarsamning við Thorsil og starfsleyfi var samþykkt fyrir verksmiðjuna 11. sept. s.l. Byggingaframkvæmdir hefjast eftir áramót.

Framlög ríkisins vegna stóriðnaðarsvæða

Áætluð framlög ríkisins vegna framkvæmda

	Reyðarfjörður	Bakki	Helguvík
Höfn og hafnarsvæði	1.150	819	1344
Vegarframkvæmdir	430	2.700?	233
Samtals	1.580	3.519	1.577*

*sbr. minnisblað í ríkisstjórn þar sem áætlað var að leggja fram frumvarp á vörþingi 2015 og samþ. sérlög líkt og um Bakka.

Áætlaðar **tekjur ríkisins** af tveimur kísilverum sem nú hafa hlotið starfsleyfi í Helguvík eru

um 1.700 milljónir kr. á hverju ári frá árinu 2016.

(Þar er gert ráð fyrir tekjuskatti á byggingartíma, tekjuskatti og tryggingagjaldi starfsfólks kísilveranna og afleiddra starfa, olíu- og bensínjöldum.)

Í lok árs 2014 kynnti atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið minnisblað í ríkisstjórn þar sem boðað var frumvarp á vörþingi um heimild til ráðherra f.h. ríkissjóðs að fjármagna **Helguvíkurverkefnið um 1577 milljónir kr.**

Framlag ríkisins til nauðsynlegrar uppbyggingar hafnaraðstöðu og vegatenginga í Helguvík myndi því í heild nema tæplega 1 árs tekjum ríkisins af verkefnunum.

Á vormánuðum 2015 taldi Reykjanesbær æskilegra að þessi stuðningur færi fram í gegnum **Samgönguáætlun**, enda forsendur til þess eftir breytingar á Hafnalögum.

Í erindi RNB vegna samgönguáætlunar var gert ráð fyrir að framlög yrðu sem hér segir:

2015	145,6
2016	795,5
2017	217,1
2018	351,2

Eindregið er óskað stuðnings við að framlagið verði á samgönguáætlun.